

Borgarráð

Samningur við Listahátíð í Reykjavík

Lagt er til að samningur milli Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Listahátíðar í Reykjavík um rekstur og fjárframlag til hátíðarinnar, verði staðfestur í borgarráði.

Greinargerð

Listahátíð í Reykjavík hefur verið samstarfsverkefni ríkis og borgar frá 1970 og gegna borgarstjóri og menntamálaráðherra formennsku í fulltrúaráði hátíðarinnar til skiptis.

Fram til ársins 2004 var hátíðin haldin annað hvert ár en síðan árlega til ársins 2016 þegar hún var aftur gerð að tvíæringi.

Samningurinn sem nú er lagður fram til staðfestingar nær til þriggja ára og er árlegt framlag Reykjavíkurborgar á samningstímanum 36 milljónir kr. árlega, þ.e.a.s. 2018, 2019 og 2020 með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar vegna árána 2019 og 2020. Framlagið í ár hefur verið samþykkt með fjárhagsáætlun ársins.

Árlegt framlag ríkis er það sama á samningstímanum.

Hlutverk Listahátíðar í Reykjavík er að skipuleggja og standa að listahátíðum í Reykjavík annað hvert ár á sviði tónlistar, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina.

Tvær hátíðir verða haldnar á samningstímanum, sú fyrri vorið 2018 og sú síðari vorið 2020, en það ár fagnar Listahátíð í Reykjavík fimmtíu ára afmæli sínu. Stendur til að hátíðin verði sérstaklega vegleg það ár.

Hjálagt:

Samningur um rekstur og fjárframlög til Listahátíðar í Reykjavík, dags. 25.01.2018

Málar.: R 1708 0096
Stofnasafn Ráðhúss
05. feb. 2019
Bréfalykill: 3191

MMK17090002

Samningur
milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Listahátíðar í
Reykjavík
um rekstur og fjárframlag til Listahátíðar í Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir nefndir stofnaðilar og sjálfseignarstofnunin Listahátíð í Reykjavík, kt. 490970-0299, hér eftir nefnd Listahátíð í samningi þessum gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Efla menningar- og listalíf á Íslandi, almenningi til heilla með fjárstuðningi við Listahátíð í Reykjavík.
- Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.2, sbr. fjármálaáætlun 2018-2022.
- Tryggja framgang menningarstefnu ríkisins og menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

1.2. Verkefni

- Hlutverk Listahátíðar er að skipuleggja og standa að listahátíðum í Reykjavík annað hvert ár á sviði tónlistar, leik- og danslistar, bókmennta, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina.
- Hátíðin er gátt og vettvangur fyrir listsköpun í hæðsta gæðaflokki frá öllum heimshornum en hún á líka í kraftmiklu og lifandi sambandi við almenning og leitast við að virkja sem flesta til þátttöku.
- Hátíðin er vettvangur samtals og samstarfs þvert á listgreinar og þvert á landamæri. Hún leitast við að koma stöðugt á óvart, endurspegla fjölbreytileika mannlífsins, vera sýnileg í borginni og teygja sig jafnframt út fyrir borgarmörkin.
- Við verkefnaval er faglegur metnaður, kjarkur og stórhugur hafður að leiðarljósi og ætíð leitast við að viðburðir hafi slagkraft og gildi fyrir íslenskt listalíf og samfélag.
- Stuðst er við skýrt þema fyrir hverja hátíð sem talar beint inn í samtímann og skapar merkingarþætt samhengi fyrir listafólk sem að hátíðinni kemur, sem og gesti hennar.
- Á samningstímanum verða haldnar tvær hátíðir, sú fyrri árið 2018 og seinni hátíðin árið 2020. Listahátíð fagnar fimmtíu ára afmæli sínu árið 2020 og af því tilefni verður hátíðin sérstaklega vegleg það ár.

1.3. Starfsemi

Listahátíð í Reykjavík var fyrst haldin árið 1970 og fagnar því 50 ára afmæli árið 2020. Fram til ársins 2004 var hún haldin annað hvert ár en síðan árlega til ársins 2016 þegar hún var aftur gerð að tvíæringi

Í samræmi við árlega starfsáætlun, sbr. gr. 5.2. skal starfsemi Listahátíð miðast að því að efla menningar- og listalíf á Íslandi almenningi til heilla.



1.4. Áherslur

- Listahátíð taki mið af menningarstefnu ríkisins.
- Listahátíð taki mið af menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

2. Forsendur samnings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. 40. g. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.
- 2.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.3. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.4. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokk 18.2 Menningarstofnanir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál.
- 2.5. Styrkjareglur Reykjavíkurborgar gilda um meðferð samningsins hvað Reykjavíkurborg varðar. Framlag til samningsins kemur úr ramma menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs annast samskipti aðila vegna samningsins.
- 2.6. Listahátíð í Reykjavík skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997 og lög um opinber fjármál.
- 2.7. Listahátíð starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 9. desember 2016. Listahátíð starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Stofnendur eru mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 216 m.kr. þar af er framlag ríkisins 108 m.kr. og Reykjavíkurborgar 108 m.kr. á samningstímanum.
- 3.2. Árlegt framlag ríkisins er 36 m.kr. á samningstímanum. Framlag Reykjavíkurborgar er 36 m.kr. árlega 2018, 2019 og 2020 með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar vegna áranna 2019 og 2020.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.2 Menningarstofnanir í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Listahátíð ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.2 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.2 hjá Listahátíð.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Stofnaðilar greiða árlegt framlag sitt í samræmi við greiðsluáætlun sem ráðuneyti samþykkir í lok árs og hefjast greiðslur í janúar ár hvert. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka 0101 26 030168.
- 3.7. Verði hagnaður af starfsemi þá verður honum varið í þágu Listahátíðar. Verði halli á starfseminni skal stjórn Listahátíðar afla styrkja og tekna á móti frá öðrum aðilum,



allt í samræmi við skipulagsskrá Listahátíðar og í samræmi við ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999 og lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.

4. Ábyrgð

- 4.1. Listahátíð ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Listahátíð skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Listahátíð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Listahátíð er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis stofnaðila, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Stofnaðilar hafa eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Listahátíð skilar stofnaðilum árlega stefnuskjali til þriggja ára sbr. 31. gr. í lögum um opinber fjármál. Í stefnuskjalinu skal koma fram helstu markmið og aðgerðir Listahátíðar. Stefnuskjalið skal taka mið af stefnu ráðherra fyrir málefnaflokk 18.2 sem birtist í fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnasviðs 18 sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Stefnuskjalið er viðhengi við samning þennan.
- 5.3. Listahátíð skal skila stofnaðilum ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, sbr. gr. 1.3. þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert. Einnig skilar Listahátíð áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að eftir aðalfund fulltrúaráðs í október ár hvert.
- 5.4. Listahátíð skal skila stofnaðilum endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 5.5. Listahátíð skilar stofnaðilum öllum þeim upplýsingum sem stofnaðilar kallar eftir, í tengslum við rekstur Listahátíðar til opinberrar upplýsingagjafar
- 5.6. Listahátíð veitir stofnaðilum upplýsingar sem þeir kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Stofnaðilar hafa heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hafa stofnaðilar óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.7. Á öllu kynningarefni hátíðarinnar komi fram á áberandi hátt að hún er styrkt af Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nota skal auðkenni borgar og ríkis í því skyni.
- 5.8. Eigi Listahátíð í viðskiptum við lögaðila sem Listahátíð á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda Listahátíðar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.9. Samning þennan, ársreikning Listahátíðar (sbr. grein 5.4.) og greinargerð um framkvæmd samnings (sbr. grein 5.5) skal birta á vef Listahátíðar jafnóðum og gögn liggja fyrir. Stofnaðilum er heimilt að birta gögnin á vef sínum.




6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Listahátið tilkynnir stofnaðilum tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Stofnaðilum er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Listahátið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020 í samræmi við samþykkt borgarráðs og ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili eintaki auk þessa sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.

Reykjavík 25. janúar 2018


F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Listahátiðar í Reykjavík



Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015

fjármála- og efnahagsráðherra